



Reykjavík, 29. ágúst 2024

MSS24060122

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Vísað er til fyrirspurnar áheyrnafulltrúa Flokks fólksins um ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs, dags. 27. júní 2024. Fyrirspurnin er eftirfarandi:

„Á fundi stafræns ráðs þann 12. júní sl. var kynnt 3ja mánaða uppgjör þjónustu- og nýsköpunarsviðs og fylgdi að venju yfirlit yfir ferðakostnað sviðsins á fyrsta ársfjórðungi. Spurt er hversu mikill kostnaður fellur á borgina af þessum 17,4 milljónum og hvað fellur á stéttarfélög? Óskað er eftir yfirliti yfir ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs frá árinu 2019 þar sem fram kemur hversu mikill kostnaður hefur fallið á borgina, hvað hefur verið greitt af stéttarfélögum og hvort og þá hversu mikið hefur verið greitt í dagpeninga. Jafnframt er óskað eftir uppgjöri ferðakostnaðar fyrir ferðir sviðsins frá og með 2019. Sérstaklega er óskað eftir upplýsingum varðandi ferðakostnað sem greiddur hefur verið vegna ferða sem af er þessu ári sem og kostnaði vegna fyrirhugaðra ferða sem farið verður í á árinu.“

Svar:

Óskað var eftir upplýsingum varðandi þessa fyrirspurn frá þjónustu- og nýsköpunarsviði og eru svörin samkvæmt upplýsingum frá fjármálastjóra sviðsins. Fyrirspurninni verður hér svarað í þremur liðum.

- Samkvæmt 3ja mánaða uppgjöri þjónustu- og nýsköpunarsviðs fylgdi yfirlit yfir ferðakostnað sviðsins á fyrsta ársfjórðungi. Hversu mikill kostnaður fellur á borgina af þeim 17,4 milljónum og hvað fellur á stéttarfélög?*
 - Af þessum 17,4 milljónum þá skiptist kostnaðurinn með þeim hætti að 262 þúsund kr. falla á borgina og 17,1 milljón fellur á stéttarfélög.
- Óskað er eftir yfirliti yfir ferðakostnað þjónustu- og nýsköpunarsviðs frá árinu 2019 þar sem fram kemur hversu mikill kostnaður hefur fallið á borgina, hvað hefur verið greitt af stéttarfélögum og hvort, og þá hversu mikið hefur verið greitt*



Reykjavík



Í dagpeninga? Jafnframt er óskað eftir uppgjöri ferðakostnaðar fyrir ferðir sviðsins frá og með 2019.

- Sjá neðangreinda töflu með upplýsingum um ár, fjárhæðir og sundurliðun kostnaðar.

Ár	Kostnaður sem fellur á borgina	Dagpeningar	Kostnaður sem fellur á stéttarfélag	Kostnaður sem fellur á aðra en borgina
2019	5.135.952	5.777.694	375.907	
2020	240.681	744.619	0	
2021	826.396	242.468	0	
2022	3.209.407	5.345.310	11.754.389	
2023	2.326.784	1.337.409	21.966.175	1.649.220
2024 jan-júní	17.870.660	399.730	11.131.968	886.364

*hér eiga eftir að koma inn styrkir frá stéttarfélagum að fjárhæð 17,1 m.kr.

c) *Upplýsingar um kostnað vegna fyrirhugaðra ferða sem farið verður á árinu. Eftirfarandi er yfirlit yfir ferðakostnað kjörinna fulltrúa tímabilinu júní 2022 til ársloka 2023.*

- Fyrirhugaðar ferðir þjónustu- og nýsköpunarsviðs á árinu 2024 sem búið er að bóka kostnað á eru ferð til Helsinki á ráðstefnu 24. – 27. september 2024 þar sem gert er ráð fyrir kostnaði að upphæð 3,6 milljónum en þessi ferð er að fullu styrkt með styrkjum frá stéttarfélagum sem ekki eru komnir inn í fjárhagskerfi borgarinnar. Ferð á CCW Europe Summit ráðstefnu í Amsterdam, Hollandi 6. – 9. október 2024 þar sem gert er ráð fyrir kostnaði að upphæð 2,7 milljónir en þessi ferð er að fullu styrkt með styrkjum frá stéttarfélagum sem ekki eru komnir inn í fjárhagskerfi borgarinnar. Ekki hefur verið bókaður kostnaður á aðrar fyrirhugaðar ferðir og verður það kynnt með uppgjörum sviðsins þegar kostnaður hefur verið bókaður.

Virðingarfyllst,

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík